

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Blönduósbæjar vegna verslunar- og þjónustulóðar við Svínvetningabraut, Húnabyggð.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun staðfesti 7. apríl 2026 breytingu á aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 10. mars 2026.

Í breytingunni felst skilgreining á tæplega 8 ha verslunar- og þjónustusvæði VÞ12 við Svínvetningabraut á Blönduósi vegna áforma um uppbyggingu fjölorkustöðvar. Opið svæði O4 er felld út og landbúnaðarsvæði stækkað lítillega.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 7. apríl 2026.*

**Guðrún Lára Sveinsdóttir.**

---

B deild - Útgáfudagur: 21. apríl 2026